



Samantekt stjórnar Arion banka hf. um hlutafjáreign hluthafa og atkvæðisrétt þeirra

Í samræmi við 4. mgr. 84. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög, leggur stjórn Arion banka hf., kt. 581008-0150, eftirfarandi samantekt fyrir aðalfund félagsins.

Hlutfé Arion banka hf. er kr. 1.513.423.078. Réttur hluthafa Arion banka hf. til að greiða atkvæði er í samræmi við hlutafjáreign þeirra. Eitt atkvæði fylgir hverri krónu í hlutfé. Eigin bréf bankans njóta ekki atkvæðisréttar. Þann dag sem aðalfundur bankans fer fram á félagið eigin bréf sem jafngiltu 112.238.995 hlutum og sænskum heimildarskírteinum (SDR) eða 7,42% af heildarhlutfé bankans.

Á vef bankans er birtur listi yfir þá hluthafa sem eiga meira en 1% af hlutfé, sem í dag eru 17 hluthafar en heildarfjöldi hluthafa bankans er meira en 10.500. Gildi lífeyrissjóður er stærsti hluthafi bankans með 9,1% hlut, Lífeyrissjóður verzlunarmanna næststærsti hluthafinn er með 9,0% hlut.

Reykjavík, 12. mars 2025

f.h. stjórnar Arion banka hf.

Paul Richard Horner